ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 27

16. árgangur

28.5.2009

**I** **EES-STOFNANIR**

**1.** **EES-ráðið**

**2.** **Sameiginlega EES-nefndin**

**3.** **Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

**4.** **Ráðgjafarnefnd EES**

**II** **EFTA-STOFNANIR**

**1.** **Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**2.** **Eftirlitsstofnun EFTA**

**3.** **EFTA-dómstóllinn**

**III** **EB-STOFNANIR**

**1.** **Ráðið**

**2.** **Framkvæmdastjórnin**

**2009/EES/27/01** Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5520 – Itochu/Mitsubishi/Enolia/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . . . 1

**2009/EES/27/02** Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5523 – CVC/Belgian State/De Post-La Poste) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . . . 2

**2009/EES/27/03** Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5541 – GE/NewsCorp/Disney/Hulu JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . . . 3

**3.** **Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/27/01**

**(Mál COMP/M.5520 – Itochu/Mitsubishi/Enolia/JV)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. maí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japönsku fyrirtækin Itochu Corporation („Itochu“) og Mitsubishi Heavy Industries Ltd. („Mitsubishi“) og gríska fyrirtækið Enolia Energy S.A. („Enolia“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í gríska fyrirtækinu Enolia Energy S.A. („sameiginlegt fyrirtæki“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Itochu: inn- og útflutningur á margs konar vörusviðum

   – Mitsubishi: fjölbreytt framleiðsla

   – Enolia: framleiðsla á endurnýjanlegri raforku

   – Sameiginlega fyrirtækið: dreifing íspennuljósnemaeininga og samþætting og uppsetning á íspennuljósnemakerfum

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 121, 29. maí 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5520 – Itochu/Mitsubishi/Enolia/JV, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   J-70
   B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/27/02**

**(Mál COMP/M.5523 – CVC/Belgian State/De Post-La Poste)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. maí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem lúxemborgska fyrirtækið CVC Capital Partners SICAV-FIS S.A. („CVC“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í belgíska fyrirtækinu De Post NV/La Poste SA („De Post – La Poste“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – De Post-La Poste: belgískt fyrirtæki sem annast alhliða póstþjónustu

   – CVC: fjárfestingar í óskráðum félögum

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 119, 28. maí 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5523 – CVC/Belgian State/De Post-La Poste, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   J-70
   B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2009/EES/27/03**

**(Mál COMP/M.5541 – GE/NewsCorp/Disney/Hulu JV)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. maí 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin General Electric („GE“), News Corporation („NewsCorp“) og The Walt Disney Company („Disney“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu Hulu LLC („Hulu“), fyrirtæki sem nú lýtur sameiginlegum yfirráðum fyrirtækjanna GE og NewsCorp.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – GE: starfsemi á sviði grunnvirkja, iðnaðarvara, fjármála, heilsugæslu, fjölmiðla og afþreyingarefnis

   – NewCorp: starfsemi á sviði afþreyingar- og sjónvarpsefnis, fréttablaða, tímarita og bókaútgáfu

   – Disney: starfsemi á sviði afþreyingarefnis og fjölmiðla

   – Hulu: sjónvarps- og kvikmyndaefni á Netinu

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 119, 28. maí 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5541 – GE/NewsCorp/Disney/Hulu JV, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission<br>Directorate-General for Competition<br>Merger Registry<br>J-70<br>B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.